



Frístundamiðstöðin

Starfsáætlun 2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Tjarnarinnar	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Tjarnarinnar	5
Framtíðarsýn	5
Hlutverk	5
Gildi	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	5
Helstu verkefni á árinu	5
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	11
Áskoranir, markmið og aðgerðir	13
Frístundamiðstöð	13
Frístundaheimili	14
Félagsmiðstöðvar	18
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	21
Samstarf	21
Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar	22

Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
Gefið út haustið 2020
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur



Inngangur

Starfsáætlun Tjarnarinnar 2020 - 2021 er unnin út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021 og hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is.

Frístundamiðstöð þjónustar íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Tjörninn tók til starfa 1. ágúst 2016 eftir sameiningu Frostaskjól og Kamps og hefur því sitt fimmta starfsár haustið 2020.

Frístundamiðstöðin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og rekur félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í borgarhlutanum og eina sértæka félagsmiðstöð sem þjónustar börn með fötlun, búsett vestan Elliðaána sem sækja almenna grunnskóla. Íbúafjöldi í hverfinu var **38.701** skv. þjóðskrá janúar 2020. Tólf grunnskólar eru í hverfinu og barnafjöldi í 1.- 10. bekk er **3.941**.

Stjórnendateymi er skipað Guðrínu Kaldal, framkvæmdastjóra, Gunnari Hrafni Arnarssyni, fjármálastjóra, Steinunni Gretarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs og Andreu Marel deildarstjóra unglíngastarfs. Heildarfjöldi starfsmanna er um 200 í 85 stöðugildum.


Frístundaheimili Tjarnarinnar eru Undraland, Skýjaborgir, Selið, Frostheimar, Halastjarnan, Draumaland og Eldflaugin.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru Frosti, 100og1, 105, Gleðibankinn fyrir börn í grunnskólum í borgarhlutanum. Hofið er sértæk félagsmiðstöð fyrir börn með fötlun sem sækja almenna skóla og búa vestan Elliðaána, Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar sem þjónustar allt höfuðborgarsvæðið og Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð heyrir undir Tjörnina en þjónustar alla Reykjavík.

Starfsáætlunarvinna hefst í janúar og er hún unnin eftir víðtækt samráð við þjónustuþega og starfsmenn. Vorið 2020 var með öðru sniði vegna Covid og því var samráðið að mestu leyti rafrænt þetta árið. Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsmenn og ýmis konar skýrslur sem unnar eru um starfið.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun og er hægt að finna þær á heimasíðum starfsstaðanna. Aðgerðaráætlun hvernar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

Skipurit Tjarnarinnar



Hlutverk/leiðarljós/gildi Tjarnarinnar

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Hlutverk

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Að sjá um rekstur frístundamiðstöðvarinnar, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum í takt við lög, reglur og stefnur sem um starfið gilda.

Innleiðing á menntastefnunni heldur áfram á árinu en henni er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Tjörnin setur sér markmið um að vera framsækið afl í frístundamálum.

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

- ✓ **Fjölbreytileiki** - með opnum hug opnast dyr!
- ✓ **Umhyggja** - okkur er ekki sama!
- ✓ **Framsækni** - gott getur alltaf orðið betra!

Hver og einn starfsstaður vinnur áfram með þau gildi sem unnin er í samráði við börn og unglinga.

Megináherslur

menntastefnu:

Félagsfærni
Sjálfsþekking
Læsi
Sköpun
Heilbrigði

Megináherslur

frístundastefnu:

Fjölbreytt og
skemmtilegt
Virk þátttaka
Jöfnuður
Forvarnir og lýðheilsa

Fagmennska

Megináherslur starfsskrár

frístundamiðstöðva:

Sjálfmynd
Umhyggja
Félagsfærni
Virkni og þátttaka

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Helstu verkefni á árinu

Innleiðin á **menntastefnu Reykjavíkurborgar** hófst. Margs konar framsækin og skemmtileg verkefni urðu til í gegnum A- hluta styrki þróunarsjóðs menntastefnu. Allar starfseiningar Tjarnarinnar tóku þátt og innleiddu hæfnipætti menntastefnunnar. Heildræn innleiðin átti sér stað í gegnum verkefnið Vaxandi en það verkefni var unnið í nánú samstarfi við Háskóla Íslands.

VAXANDI byggir hugmyndafræði sína á meginþáttum menntastefnunnar og byggir grunn sinn á aðferðum jákvæðrar sjálfræði með fræðilega tengingu og vísun í rannsóknir. Með VAXANDI hafa starfsmenn öðlast betri trú á sér sem fagmenn, fengið skýrari verkfæri við að innleiða menntastefnunna og streita hefur minnkað.

Markmiðið VAXANDI er að þjálfa starfsmenn í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga, aðstoða börn og unglinga við sjálfsefningu, þjálfa þrautseigju, aðstoða þau við að takast á við kvíða og álag ásamt því að minnka álag í starfsmannahópnum, tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi. Að leggja inn fræðilegan grunn til að allir stjórnendur geti leitt sína starfsstaði og starfsmenn í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga þannig að velferð þeirra og líðan aukist.

Markmiðið er einnig að vera með langvarnandi markvissar aðgerðir sem munu festast í sessi og verða hluti af fagmennskumenningu Tjarnarinnar. Fyrir starfsárið 2020-2021 hefur Tjörninn fengið B- hluta styrk úr þróunarsjóði SFS til að halda áfram með verkefnið.

Allar félagsmiðstöðvar og frístundaheimili Tjarnarinnar tóku þátt í verkefninu. Guðrún Kaldal stýrir innleiðingu og fékk Háskóla Íslands til að koma með fræðilega nálgun. Bryndís Jónsdóttir var með 8 vikna núvitundarnámskeið fyrir starfsmenn þar sem áhersla var lögð á að minnka streitu, auka vitund um tilfinningar og stjórn á þeim, auka hamingju og bæta hugsun.

Ingibjörg Kaldalóns var með eftirfarandi vinnustofur.

1. Velfarnaður og hamingja, aðferðir til að stuðla að velfarnaði
2. Sjálfsþekking og persónustyrkleikar
3. Hugarfar og seigla barna og unglinga
4. Félags- og tilfinningahæfni, áhersla á tilfinningafærni
5. Félags- og tilfinningahæfni, áhersla á félagsfærni
6. Traust í samskipum
7. Hvernig eflum við sjálfstraust barna og unglinga
8. Áhugahvöt og sjálfstjórn
9. Gildismat, markmið og tilgangur
10. NBI- greining, heildarhugsun og samskipti

Innleiðing og framkvæmd **frístundastefnunnar** var einnig haldið áfram. Með samþykkt á frístundastefnunni var hægt að ráða frístundafræðinga í næstum öll frístundaheimilin.

Frístundafræðingar eiga að skapa brúa á milli grunnskóla og frístundaheimilis en þeir sinna félagsfærni- og tilfinningahæfni í samstarfi við grunnskólana að morgni en vinna í frístundaheimilum eftir hádegi. Verkefnið er í þróun og margar skemmtilegar útfærslur fæddust á árinu.

Allir upplýsingapóstar frá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru sendir út bæði á íslensku og ensku.

Allar félagsmiðstöðvar eru nú opnar öll föstudagskvöld og opið er fyrir 10- 12 ára tvisvar sinnum í viku. Sérstakt hópstarf festi sig í sessi og félagsmiðstöðvar fyrir alla eru orðnar að veruleika.

Margt á þó eftir að vinnast enn eins og bætt húsnæðisaðstaða fyrir starfið. Ungmennaráðið fékk fjármagn til að úthluta fjármagns til unglinga til verkefna sem þau höfðu áhuga á að láta verða að veruleika. Foreldrasamstarf var eflt í félagsmiðstöðum með fundarherferðinni „Sumarið er tíminn“ og útgáfu handbókar um foreldrarölt ásamt auknu samstarfi við foreldra um rölt.

Deildarstjóri unglingastarfs hefur haft frumkvæði að samstarfi við opinbera aðila, félagasamtök og foreldra í borgarhlutanum til að bregðast við áhættuþegðun unglinga.

Sumarið 2020 fékk Tjörninn að ráða tvo starfsmenn til að stýra viðburðum og leiðbeina borgarbúum í að nýta frítímann á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Það heppnaðist einkar vel og viðburðum Tjarnarinnar var vel tekið og mæting góð. Tjörninn stendur einnig fyrir fjölskyldudagskrá í haustfríi og vetrarfríi grunnskólanna í Reykjavík. Sterk hefð er komin fyrir þeim viðburðum og mæting afar góð.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð varð til til að stemma stigu við brotthvarfi unglinga út skipulögðu frístundastarfi á unglingsárunum. Tjörninn er einnig í góðu samstarfi við þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða þar sem unnið er saman að því að koma unglingum í uppbyggilegt starf.

Tjörnninni hefur tekist vel að fá til starfa tómstunda- og félagsmálafræðinga til að efla fagmennsku en þeir eru nú 18.

Starfseiningar Tjarnarinnar í Vesturbæ kláruðu að innleiða

Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð UNICEF í samstarfi við grunnskólana og fengu fyrir það vottun og viðurkenningu. Það eru frístundaheimilin Undraland, Selið, Skýjaborgir og Frostheimar og félagsmiðstöðin Frosti sem hafa lokið innleiðingu.

Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda.

Í félagsmiðstöðvunum verður áfram áhersla á **sértækt hópastarf** og **aukinn stuðning**. Við samþykkt frístundastefnu kom inn aukið fjármagn til félagsmiðstöðva til að sinna þeim sem þurfa aukinn félagslegan stuðning.

Unnið er eftir verklagi SFS sem kallast „**Vinsamlegt samfélag**“. Einnig er unnið með vináttufærni í frístundaheimilum en það er aðferðarfræði sem notuð er til að draga úr líkum á að einelti eigi sér stað.

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er að festa sig í sessi sem stórt ungmennaráð og unnið verður markvisst að því að forma betur verklag og vinnuaðferðir ráðsins sem leitt er af starfsmönnum Tjarnarinnar. Fulltrúar úr ungmennaráðinu eru svo hluti af Reykjavíkurráði ungmenna. Samstarf við íbúaráð Vesturbæjar og íbúaráð Miðborgar og Hlíða var að byrja þegar Covid skall á og búið er að tengja ráðin saman. Þróun á því samstarfi heldur áfram í vetur.

Frístundamiðstöðin Tjörnin er hluti af **heilsueflandi borgarhluta** ásamt öðrum starfsstöðvum borgarinnar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Frístundamiðstöðin og hennar starfsstaðir hafa skuldbundið sig til að bjóða upp á heilsueflandi frístundastarf og leggja sitt af mörkum í að heilsuefla nærsamfélagið í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu. Áhersluþættir samstarfsins eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíl.

Aukin áhersla á **foreldrasamstarf** verður áfram einn af stóru áhersluþáttunum í starfinu. Að ná enn frekar til forelda og forráðamanna. Unnið er eftir gátlistum um foreldrasamstarf og áhersla verður á að kynna starfið vel og hafa upplýsingar aðgengilegar á vef. Foreldrakaffi, foreldrakynningar og foreldraviðtöl eru hluti af starfinu.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð varð til í gegnum B- hluta verkefni þróunar- og nýsköpunarsjóð menntastefnunnar. Verkefnið fékk 2.500.000 kr. í styrk árið 2019-2020 og var það fjármagn vel nýtt. Búið var til fræðsluefni til að hjálfa starfsmenn í vettvangsvinnu, handbók um foreldrarölt og farið í að styrkja samstarf við fagaðila. Verkefnið var útvíkkað þegar það hlaut einnig styrk frá Erasmus + styrkjakerfinu og stór þverfaglegur hópur fór í heimsókn til Gautaborgar að kynna sér vettvangsvinnu. Sumarið 2020 fékk Flotinn styrk frá barnamálaráðherra og styrk sem nýsköpunarverkefni frá Reykjavíkurborg og verkefnið var keyrt með 8 starfsmönnum um sumarið.

Draumasviðið, samstarfsverkefni félagsmiðstöðvarinnar 100og1, Austurbæjarskóla og Háskóla Íslands hlaut einnig B- hluta styrk í þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar upp á 2.500.000 kr. Verkefnið var með áherslu á sköpun, sjálfsefningu og félagsfærni og var keyrt sem valfag í Austurbæjarskóla og sem val í félagsmiðstöðinni.

Rafíþróttaver var samstarfsverkefni Gleðibankans og Hlíðaskóla sem hlaut B- hluta styrk upp á 2.000.000 kr. Helstu markmið verkefnisins er að styrkja sjálfsmynd þeirra sem spila tölvuleiki það mikið að notkunin hafi ekki skaðleg áhrif á hvernig þau sjá og upplifa sig. Áhugaleysi á

öðrum tómstundum, félagslífi og námi einkennir þennan hóp vegna þeirrar vantrúar sem þau hafa á eigin getu og markmiðið er að þau upplifi sigra, samskipti og mikilvægi sitt.

Efling siðfræðikennslu í Undralandi var samstarfsverkefni Undralands og Háskóla Íslands sem fékk 1.300.000 kr. í B-hluta styrk. Markmið verkefnisins er að efla hina siðfræðilegu vídd frístundastarfsins: Að gera starfsfólki og börnum auðveldara fyrir að ræða hinn siðferðilega veruleika með gagnrýna hugsun í fararbroddi þannig að börnin skilji þær reglur, boð og bönn sem í honum felast. Verkefnið stuðlar að siðferðilegri yfirvegum, dómgreind og gagnrýnni hugsun barnanna og auka fagmennsku starfsfólks.

Innleiðing á nýjum **persónuverndarlögum** heldur áfram á árinu en margt er að skýrast varðandi nýju lögin og þekking á aukast.

Tjörnin vann **áhættumat og áhættuskráningu** í starfinu ásamt sérfræðing til að minnka líkur á öryggisbresti. Innleiðing á nýjum verklagsreglum verður á árinu.

Markmið um **framsækna mannauðstjórnun** birtast í starfsáætluninni með megináherslu á að bæta starfsumhverfi starfsmanna.

Ánægðir starfsmenn

Tjörnin leggur mikla áherslu á að kanna líðan starfsmanna og viðhorf til starfsumhverfisins og eru niðurstöðurnar nýttar til umbóta. Reykjavíkurborg kannar árlega viðhorf starfsmanna til vinnuumhverfis. Niðurstöður Tjarnarinnar voru mjög jákvæðar. Starfsmenn bera traust til yfirmanna og upplifa að þeir geti haft áhrif á störf sín. Tjörnin varð í 3.sæti í viðhorfskönnun Sameykis og þar með „Fyrirmyndarstofnun 2020“ og hefur verið „Stofnun ársins“ tvisvar sinnum frá opnun og alltaf fyrirmyndarstofnun.



Mikil þátttaka og ánægja með starfið

Starfsárið var viðburðarríkt og betur gekk að manna stöður í frístundaheimilum en árið áður. Starfið í borgarhlutanum einkennist af mikilli þátttöku bæði í vetrar- og sumarstarfi og vegna átaks frá Ríkinu var hægt að bjóða öllum sem vildu þjónustu í sumar og auka við það framboð sem að fyrirhugað var að vera með.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru vel sóttar og 65,3% mæta vikulega eða oftast í sína félagsmiðstöð ef tekið er meðaltal mætinga í borgarhlutanum úr könnuninni „**Ungt fólk**“.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru einnig vel sótt en um 80% barna í 1.- 4. bekk eru skráð í frístundaheimili. Þátttaka barna í 1. og 2. bekk er 99%. Viðhorfskönnun foreldra á starfi frístundaheimila var lögð fyrir á vorönn 2019 og í heildina litið eru 94% foreldra ánægðir með starfið.

Framsækið fagstarf

Starfsmenn Tjarnarinnar hafa sýnt mikinn metnað og fengið marga styrki fyrir fjölbreytt og framsækin þróunarverkefni sem voru í gangi á árinu.

Tjörnin hlaut þrenn hvatningarverðlaun fyrir starfsárið 2019-2020.

Verkefnið **Tilfinningaspjöld** hlaut viðurkenningu sem nýsköpunar- og þróunarverkefni. Spjöldin vinna með 12 jákvæðar og erfiðar tilfinningar ungra barna og var unnið í samstarfi við listamanninn Jakob Jakobsson.

Treystum böndin hlaut viðurkenningu sem samstarfsverkefni félagmiðstöðva Tjarnarinnar sem gekk út á að treysta bönd milli foreldra, unglinga og félagsmiðstöðva, gefa út handbók um foreldrarölt, búa til fræðslu um vettvangsstarf og handbók fyrir starfsmenn um vettvangsvinnu.

Unglingar gegn ofbeldi fékk viðurkenningu sem samstarfsverkefni en verkefnið er forvarnarverkefni þar sem unglingar fræða unglinga um ofbeldi og forvarnir. Verkefnið var unnið í samstarfi við Stúgamót, Samfés og félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar.





Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats:
Viðhorf starfsmanna	Könnun Reykjavíkurborgar	Starfsmenn svöruðu fyrir sínar starfsstöðvar	Meðaltal allra þátta 4,5 Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,36 Árangursríkir stjórnunarhættir 4,55 Starfsánægja 4,66 Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,6
Innra mat félagsmiðstöðva	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt	Forstöðumenn félagsmiðstöðva Starfsmenn Unglingar	Efla þekkingu almennara starfsmanns á þeim stefnum og áætlunum sem unnið er eftir. Bæta þarf vinnuaðstöðu starfsfólks. Auka þarf jákvæða endurgjöf til foreldra og unglinga í starfi. Upplýsingar um starfið séu aðgengilegar á fleiri tungumálum á heimasíðu og í öllu upplýsingaefni. Auka samstarf við frístundaheimili þegar börn færast á milli. Minna þarf skóla á að boða forstöðumenn á móttökufundi þegar tekið er á móti börnum með erlendan uppruna.
Innra mat frístundaheimila	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt	Forstöðumenn frístundaheimila Starfsmenn Börn	Efla þarf fræðslu til starfsmanna. Uppfæra þarf heimasíður oftár. Bæta bókakost á móðurmálum barnanna og hafa móðurmálin í frístundaheimilinu betur sýnileg. Minna þarf skóla á að boða forstöðumenn á móttökufundi þegar tekið er á móti börnum með erlendan uppruna.
Starf frístundaheimila	Miðlæg könnun SFS 2019	Könnun send á úrtak foreldra barna í frístundaheimilum	93,7% foreldra eru almennt ánægðir með frístundaheimilin. 91,1% foreldrum finnst þeir öruggir með barnið sitt. 93,7% telja að barni sínu líði vel. 95,9% foreldra eru ánægðir með viðmót starfsfólks í samskiptum við barnið.



Starf félagsmiðstöðva	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun send í Mentor á foreldra barna í 5-10.bekk	91% ánægð með starf félagsmiðstöðvarinnar 92% ánægð með upplýsingagjöf til foreldra
	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun lögð fyrir börn og unglinga á opnunum og samfélagsmiðlum	94% ánægð með starf félagsmiðstöðvarinnar. 97% ánægð með starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar. 65% segjast mæta oft eða nánast alltaf í félagsmiðstöðina
	Miðlæg könnun SFS – Vor 2020	Könnun send á foreldra barna og unglinga í almennum félagsmiðstöðvum	35% foreldra 13-16 ára unglinga segja unglinginn sinn taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi vikulega eða oftar. 28,2% foreldra 13-16 ára unglinga segja unglinginn sinn taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi nokkrum sinnum á önn. 21,4% foreldra 10-12 ára segja barnið sitt taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi vikulega eða oftar. 29,4% foreldra 10-12 ára segja barnið sitt taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi nokkrum sinnum á önn. 89,8% foreldra segjast ánægðir með upplýsingargjöf félagsmiðstöðva
	Miðlæg könnun SFS - Vetrarstarf 2019	Könnun send á foreldra barna og unglinga í Hofinu	100% töldu barni sínu líða vel í félagsmiðstöðinni. 94,7% töldu barn sitt öruggt í félagsmiðstöðinni. 94,7% sögðust almennt ánægð með félagsmiðstöðina.
Rannsókn og greining	R&G leggur könnunina fyrir á landsvísi í febrúar	Unglingar í 8.-10.bekk grunnskóla	Sækja félagsmiðstöð -oftar en 1x í viku Vesturbær 21,2% Miðborg 50,5% Hlíðar 39,5% -oftar en 1x í mánuði Vesturbær 39,2% Miðborg 68,3% Hlíðar 56,7%

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundamiðstöð

Þættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	Aukin seigla Sterkari félags- og tilfinningahæfni Aukin fagmennska Aukið samstarf við grunnskólana og foreldra.	Innleiða mennta- og frístundastefnu á starfseiningar Tjarnarinnar í gegnum Vaxandi . Foreldrasamstarf-nánar tiltekið undir deildum.	Stjórnendur	Haust 2020-2021	Viðhorfskönnun SFS meðal stjórnenda tengd frístundastefnunni. Spurt um samstarf í könnun. Spurt um gæði fræðslu og þörf á fræðslu. Fjöldi verkefna sem að verða til. Fjölgun reglulegra funda með grunnskólum.	Aukin vellíðan barna, unglunga sýnileg í skólapúls og R&G könnunum. Aukin vellíðan starfsmanna. Reglulegir fundir með grunnskólum. Minni streita og kvíði meðal barna, unglunga og starfsmanna. Fjölgun tækja og tóla til að nýta í starfinu. Samstarfssamningar milli grunnskóla og frístundastarfs virkir á öllum stöðum.
Fagleg forysta	Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr. Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur. Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi. Heilsueflandi og öruggt vinnuumhverfi.	Innleiðing á menntastefnu og frístundastefnu í allt starf. Rými fyrir þróunarverkefni og nýsköpun. Verklaginu Vinsamlegt samfélag fylgt.	Stjórnendur	Haust 2020-2021	Viðhorfskannanir starfsmanna sem Reykjavíkurborg og Sameyki leggja fyrir ár hvert. Viðhorfskannanir um starfið til þjónustuþega. Nota kannanir til að efla og bæta árangur. Gátlistar um heilsueflandi hverfi lagðir til grundvallar 2x á ári.	Halda sömu ánægju starfsmanna í starfi. Virkar upplýsingasíður fyrir starfsmenn. Minni veikindaforföll og heilbrigðari starfsmenn. Halda í sömu ánægju þjónustuþega með starfið. Mörg framsækin verkefni fari í gang á árinu og séu sýnileg út á við.
Hagkvæm nýting fjármagns	Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.	Rammar og úthlutun sé ávallt skýr og tilbúin á réttum tíma. Reglulegir fundir fjármálastjóra	Stjórnendur	Haust 2020-2021	Fjöldi funda með stjórnendum. Skoða ársfjórðungsuppgjör.	Góð nýting fjármagns. Að frávik séu innan við 3% Þekking á qlick sense meðal stjórnenda. Góð innsýn stjórnenda í fjárhagsramma.

		með stjórnendum.				
Öryggis- verkferlar	Öryggi barna og unglunga sé í fyrirrúmi í starfinu.	Opinskátt gegn ofbeldi , kynna og fylgja verklaginu. Auðkenning starfsmanna.	Stjórnendur	Haust 2020-2021	Skoða allar heimasíður og tryggja að verklagið sé þar. Öll börn þekki hvaða leiðir þau geta farið ef þau lenda í ofbeldi. Rýnihópar barna. Merking og auðkenning starfsmanna.	Vel kynntir og skýrir verkferlar. Börn, unglingar og starfsmenn séu örugg í starfi. Allir starfsmenn hafi aðgang að fatnaði. Að á öllum heimasíðum sé verklagið kynnt
Góður aðbúnaður	Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.	Húsnæðisúttekt allra starfsstaða. Viðhaldsáætlun ár hvert.	Stjórnendur	Haust 2020-2021	Árleg úttekt á aðstöðu, tækni og búnaði til að bregðast við þar sem umbóta er þörf. Gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila, brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit o.fl.	Að allir starfsstaðir séu í aðstöðu sem að hentar.

Frístundaheimili

Þættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	Aukið samstarf við foreldra barna frístundaheimilum Tjarnarinnar	Treystum böndin Kynningarfundir að hausti. Foreldraviðtöl 2x á ári. Foreldraviðburðir 3 x á ári. Bætt upplýsingagjöf um líðan barna í starfinu til foreldra. Samtal við foreldra	Forstm Deilst.	Haust 2020-2021	Innra mat frístundaheimila í janúar. Viðhorfskannanir foreldra. Halda utan um þátttökutölur. Forstöðumenn halda skráningu um hversu margir mæta í foreldraviðtöðin.	Aukin þátttaka foreldra í starfinu með börnunum. Að foreldrakynningar séu í öllum frístundaheimilum. Að foreldraviðtöl séu í öllum frístundaheimilum. Aukin þátttaka í foreldraviðtölum um 20%. Að það fari mánudagspóstur til allra foreldra vikulega.

		á reglubundinn hátt.				
	Að tengja markmið menntastefnu við áþreifanleg verkefni og setja þau í brennidepilinn Að vinna sérstakt kynningarátak til starfsmanna og foreldra þar sem sýnt er hvernig við innleiðum menntastefnu	Mánaðarlegar þemavikur í öllum frístundaheimilum Kynnt vel til foreldra í mánudagspóstum	Forstm aðst.forst. menn og deildarstj.	2020-2021	Skýrsla um hvert þema er tekin saman þar sem forstöðumenn meta ávinning og áskoranir. Ígrundun um menntastefnuna reglulega á starfsmannafundum skráð niður.	Fjölbreytt úrval verkefna í hverri viku Markviss kynning í tölvupóstum og á FB Samstarf á milli frístundaheimila við undirbúning og framkvæmd Starfsmenn þekki menntastefnu og nýti sér verkfærakistu á vef
Félagsfærni	Aukið samstarf við grunnskólana Aukin félagsfærni Frístundastefna-innleiðing	Staða frístundafræðings í öll frístundaheimili Þeir sinni félagsfærniþjálfun á skólatíma fyrir 1.-4.bekk. Reglulegir fundir. Ráða frístundafræðing í öll frístundaheimili	Forstm Deilst.	Haut 2020	Viðhorfskönnun hjá frístundafræðingum, forstöðumönnum og kennurum barna vori 2021 þar sem þau fá að meta starfið. Telja verkefnin sem farið var í á árinu. Rýnihópur barna um starfið.	Samstarf milli grunnskóla og frístundaheimila verði reglulegt og í takt við samstarfssamning SFS. Brú á milli frístundaheimilis og grunnskóla þannig að yngstu börnin finni til meira öryggis Félagsfærni verði meiri í barnahópnum. Börnin læri að þekkja tilfinningar sínar. Að öll frístundaheimilin noti tilfinningaspjöld á markvissan hátt.
Sköpun	Efla vináttufærni	Draumaland Tónlist fyrir alla	Forstm	Haut 2020	Viðtöl við börnin um upplifun.	Börnin læri að þekkja og meta tónlist. Unnið með fegurðarskyn og upplifun í gengum tónlist.
	Sköpun, lýðræðisleg vinnubrögð, virkni, samvinna, læsi	Skýjaborgir Stop motion kvikmyndagerð	Forstm	Haut 2020	Ígrundun og óformlegt mat	Sýning á verkum barnanna fyrir foreldra og börn í Skýjó Sýning á barnamenningarhátíð
	Sköpun, lýðræðisleg vinnubrögð, virkni, samvinna, læsi,	Eldflaugin Stúdíó Eldflaugin!	Forstm	Haut 2020	Skrifleg ígrundun og skýrslugerð í lok verkefnis.	Kvikmyndasýnin í Eldflauginni fyrir börn og foreldra Sýning á barnamenningarhátíð.

	seigla					
	Sköpun, tæknilæsi, sjálfsefning, samvinna, virkni	Frostheimar Við komum í öllum útgáfum	Forstm.	Haust 2020	Útfylling gátlista, ná upp í 100% í sköpun og sjálfsefningu Skrifleg ígrundun og skýrslugerð í lok verkefnis.	Verkefni og klúbbar tengd sköpun verða í boði 2-3 í viku Sýningar fyrir aðra Frostheimabúa og foreldra í þemavikum og á foreldrafimmtudögum 1x á önn Yfirlitssýning á Barnamenningarhátíð 2021
Sjálfsefning	Aðlögun og efling sjálfsmyndar í gegnum sköpun og myndræna nálgun	Velkomin í frístundaheimilið þitt	Deildarstj. Forstm	Haust 2020	Börn í 1. bekk fá sent eintak af bókinni.	Að börnunum líði betur með þessi umskipti og allir hafi fengið kynningu á frístundaheimilinu sínu áður en skólaganga hefst óháð því hvort þau hafi komið þangað eða ekki.
	Sterkari sjálfsmynd Betri tilfinningastjórn	Tilfinningaspil	Forstm	Haust 2020	Innleiðing á spilunum.	Notkun spilanna leiði til þess að börn á frístundaheimilum læri og þekki betur tilfinningar sínar.
Jöfnuður	Aukið aðgengi allra barna að frístundaheimili Aukinn jöfnuður Aukið öryggi allra barna í starfinu	Stuðningur í frístundaheimilum	Deildast. Forstmenn	2020-2021	Árangur metinn með endurmati á einstaklingsáætlunum í lok hverrar annar í samstarfi við þekkingarmiðstöð og foreldra.	Jafnt aðgengi allra barna að frístundaheimili. Aukin félagsfærni. Vinatengsl. Aukin málfærni í íslensku. Að börnin læri að leysa sjálf úr ágreiningi á friðsamlegan máta.
	Efla vináttufærni Minnka fordóma Aukin félagsfærni	Kynnumst hvert öðru! Draumaland	Forstm	2020-2021	Viðtöl við börnin fyrir og eftir verkefni, skráning og mat í samráði við foreldra og starfsmenn	Börnin öðlist þekkingu á öðrum menningarheimum en íslenskum. Minni fordómar. Sjálfsefning, tengsl milli barna af ólíkum menningarheimum og virk þátttaka barna .
Læsi	Efla miðlalæsi Félagsfærni Sjálfsefning Sköpun Samvinna, hlustun, framsögn, seigla.	Undravarpið, hlaðvarp Undralands Minnst 8 þættir eftir starfsárið	Forstm	2020-2021	Skrifuð ígrundunarskýrsla í lokin. Viðtöl við börnin.	Börnin öðlist þekkingu í að búa til hlaðvörp og taka viðtöl þar sem unnið er meðal talað mál og hlustun Einn hlaðvarpsþáttur tekinn upp og í sendur út í mánuði. Fjórum til sex boðið að taka þátt í hverjum þætti Börnin eflist við að segja frá og þau læri að bíða eftir að það komi að þeim svo þátturinn sé áheyrilegur.

	Aukin lestrarhæfni Aukin geta til að afla sér áreiðanlegra upplýsinga Efla gagnrýna hugsun Styðja við íslenskunám Styðjum við móðurmálsnám allra barna	Læsi í víðum skilningi Öll frístundaheimilin	Forst.menn aðst.forst. menn og deildarstj.	2020- 2021	Sér kafla í ársskýrslu um það hvernig við innleiðum læsi í starfinu okkar Til séu bækur á móðurmálum barnanna Skrifleg ígrundun á hverjum stað eftir miðlalæsisviku	Allir séu að vinna markvisst með frístundalæsi. Allir merkja daglega hluti í frístundaheimilinu með orðmynd og mynd af hlutnum sem orðmyndin á við. Allir séu með góðan leskrók Gerð sé könnun um móðurmál barnanna í frístundaheimilinu og keypta barnabækur sem endurspegla þau. Haldin sérstök miðlalæsisvika á öllum frístundaheimilum þar sem sérstök áhersla er á miðlalæsi
	Kenna börnun að nota stafræna tækni Valdefla og leiðbeina börnum með og kenna þeim að umgangast starfræna tækni. Fá útrás fyrir sköpunarþörf, valdefling og þáttaka	Stafræn frístund Selið	Forstm.	2020- 2021	Haldið utan um þátttökutölur og virkni og áhugi metinn í lok árs 2020 til að sjá hvort eitthvað megi betur fara. Skrifleg ígrundun í lok verkefnis.	Börnin öðlist þekkingu í að búa til hlaðvörp og taka viðtöl þar sem unnið er meðal talað mál og hlustun Börnin eflist við að segja frá og þau læri að bíða eftir að það komi að þeim svo þátturinn sé áheyrnlegur. Börnin gefi út rafrænt fréttabréf og læri að nota þá tækni sem til þess þarf, ásamt því að rita texta og taka myndir. V-log sem börnin taka upp birt reglulega, reynir á sköpunargleði, áræðni, sjálfstraust, samvinnu og tæknilæsi.
Heilbrigði	Heilsuefling Andleg og líkamleg heilsa og vellíðan Holl og næringarrík fæða Hreyfing og virkni Slökun og núvitund	Heilsueflandi frístundastarf Öll frístundaheimilin	Forst.menn aðst.forst. menn og deildarstj.	Haut 2020	Skrifleg ígrundun á hverjum stað eftir hreysti- og vellíðunarviku	Hreysti- og vellíðunarvika í öllum frístundaheimilunum Unnið sé eftir gátlistum um heilsueflandi frístundastarf Átak gert í að kynna tengingu við menntastefnu og barnasáttmálann.

Virk þátttaka	Aukin virkni og þátttaka Aukið samstarf milli félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis Efla fjölbreytni í frístundastarfi fyrir 4.bekk	Halastjarnan og 105 104, opið hús í 105 fyrir 4.bekk	Forstm.	Haust 2020-vor 2021	Skráning á þátttöku þeirra barna sem að taka þátt í starfinu. Viðtöl við börnin um líðan.	Að færsla úr 4.bekk yfir í 5. bekk verði auðveldari fyrir börnin. Vináttufærni. Tryggja betri skil á milli frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar.
	Aukin virkni og þátttaka barna Aukin félagsfærni Aukið samstarf	Réttindafrístund Markviss vinna með barnasáttmála	Forstm	Haust 2020-2021	Metið með því að fá vottun frá UNICEF og ljúka verkefninu.	Halda áfram að þróa réttindafrístund í Vesturbænum. Halastjarnan hefur sitt innleiðingaserli í samstarfi við Háteigsskóla, 105 og UNICEF. Aukin meðvitund og þekking. Breyttir starfshættir. Draumaland og Eldflaugin nýti sér þekkinguna og aðlagi að sínum starfsháttum þó svo þau séu ekki formlega byrjuð í ferlinu

Félagsmiðstöðvar

Þættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	Aukin félagsfærni Aukið samstarf milli frístundamiðstöðva Aukin virkni og þátttaka	Hofið Hvatning að kíkja í almennu félagsmiðstöðina sína Samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar	Forstm	Haust 2020-2021	Rýna í mætingartölur félagsmiðstöðvanna. Samtöl við foreldra. Starfsmenn skrá leik barnanna reglulega niður og greina bætingu. Kortlagning vináttufærni.	Aukin félagsfærni, öryggi og vellíðan barna og unglinga í Hofinu. Að allir geti nefnt einn vin sem þeir eiga í Hofinu.
	Aukin félagsfærni Sjálfsþing Aukið	100og1 Tómstunda- og félagsmálafræði í	Forstm	Haust 2020-2021	Ígrundun eftir hvern viðburð. Þátttaka og virkni	Aukin lýðræðisvitund meðal unglinga í félagsmiðstöðinni og í skólanum og aukin færni í jafningjafræðslu.

	unglingalýðræði	Austurbæjarskóla Valfag á skólatíma.			metin með umræðum og sjálfsmati.	Viðburðarstjórnun, aukin þekking og færni.
Sköpun	Aukin tækifæri til sköpunar Aukin félagsfærni í gegnum samvinnu og sköpun Aukin virkni og þátttaka Læsi	Frosti Roleplay-klúbbur Hlutverkaleikur þar sem unnið er með sögur og leik. Vinna gegn einangrun.	Forstm	Haut 2020- 2021	Sjálfsmat hósins í lok skólaárs. Þátttaka metin út frá mætingartölum. Viðhorfskönnun til foreldra og unglunga.	Virkni og þátttaka unglunga í gegnum áhugamál og styrkleika þeirra. Aukin þjálfun í sköpun og læsi. Skapandi hugsun. Aukin félagstengsl og vinskapur.
	Aukin tækifæri til sköpunar Aukin félagsfærni í gegnum samvinnu og sköpun Aukin virkni og þátttaka. Læsi.	105 Role-play klúbburinn Föruneýtið Hlutverkaleikur þar sem unnið er með sögur og leik.	Forstm	Haut 2020- 2021	Sjálfsmat hósins í lok skólaárs. Þátttaka metin út frá mætingartölum. Viðhorfskönnun til foreldra og unglunga.	Virkni og þátttaka unglunga í gegnum áhugamál og styrkleika þeirra. Aukin þjálfun í sköpun og læsi. Skapandi hugsun. Aukin félagstengsl og vinskapur. Vinna gegn einangrun.
Virk þátttaka	Aukin virkni og þátttaka Aukið samstarf milli félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis Efla fjölbreytni í frístundastarfi fyrir 4.bekk	105 og Halastjarnan Opið hús í 105 fyrir 4.bekk. Samstarfsverkefni	Forstm	Haut 2020- 2021	Fylgst með þátttöku á opnu húsi í mætingartölum. Upplifun barnanna metin með rýnihópum eða spurningarlistum í frístundaheimilinu.	Að flutningu á milli frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar sé auðveldari fyrir börnin. Að 40% barna í 4.bekk mæti á opin hús. Aukin fjölbreytni í starfi fyrir börn í 4.bekk.
Félagsfærni	Aukin félagsfærni Aukin virkni og þátttaka Efla vinnu með áhugasvið og styrkleika unglunga	Gleðibankinn Opið klúbbastarf	Forstm	Haut 2020- 2021	Starfsmenn meta virkni og líðan unglunga með samtölum. Viðhorfskönnun til unglunga og foreldra.	Aukin félagsfærni unglunga í gegnum vinnu með styrkleika þeirra og áhugasvið
Jöfnuður	Aukið aðgengi allra barna og unglunga	Stuðningur í félagsmiðstöðvunum.	Forstm Deildst	Haut 2020-	Árangur metinn með endurmati á	Jafnt aðgengi allra barna og unglunga að félagsmiðstöðvastarfi.

	félagsmiðstöð Aukinn jöfnuður Aukið öryggi allra barna í starfinu	Öll börn geti sótt félagsmiðstöðvarstarf.		2021	einstaklingsáætlunum í lok hverrar annar í samstarfi við þekkingarmiðstöð og foreldra	Aukin félagsfærni. Vinatengsl.
Sjálfsfelling	Aukin sjálfsþekking sterkari sjálfsmynd Efla skapandi hugsun Aukið tilfinningalæsi Aukin félagsfærni	Frístundamiðstöðin Tjörnin Essið Ræktun jákvæðrar sjálfsmyndar í hópastarfi	Forstm	Haut 2020- 2021	Spurningakönnun við upphaf og lok hópastarfs. Sjálfsmat í hvert skipti sem hópurinn hittist. Mat á virkni og þátttöku.	Bætt líðan. Aukin sjálfsmildi. Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvar að hópastarfi loknu.
	Efla trú á eigin getu Efla sjálfstraust Sterkari sjálfsmynd	Hinsegin félagsmiðstöð Hinsegin fyrirmyndir	Forstm	Haut 2020 -2021	Árangur metinn í einstaklingssamtölum og hópumræðu í félagsmiðstöðinni. Viðhorfskönnun til unglunga	Sterkari sjálfsmynd unglunga í Hinsegin félagsmiðstöðinni og jákvætt viðhorf til framtíðarinnar.
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Sterkari sjálfsmynd og aukið heilbrigði Aukin virkni og þátttaka Aukin félagsfærni	Gleðibankinn, Eldflaugin og Hlíðaskóli Rafíþróttaver Samstarfsverkefni	Forstm	Haut 2020- 2021	Spurningakönnun til þátttakenda verkefnisins. Viðhorfskönnun til unglunga og foreldra.	Heilbrigð nálgun á tölvuleikjaspilun í öruggu umhverfi þar sem unnið er markvisst að eflingu félagsfærni og aukinni lýðheilsu unglunga.
	Draga úr áhættuhegðun. Aukið samstarf milli fagaðila og foreldra Aukin þekking og færni starfsfólks í vettvangsvinnu.	Flotinn, flakkandi félagsmiðstöðs Samstarfsverkefni Treystum böndin, forvarnarverkefni	Framkvst Deilds Verks	Haut 2020 2021	Könnun R&G.. Rýnihópar unglunga og spjall við þau sem ekki taka þátt í tómstundum. Starfsmenn skrá hjá sér eftir hverja vakt samtöl við börnin.	Að öflugt vettvangsstarf félagsmiðstarfsfólks í samstarfi við aðra fagaðila sem haldið úti. Að fundir séu reglulega á milli samstarfsaðila. Að það sé foreldrarölt í öllum hverfum Tjarnarinnar. Handbók um vettvangsvinnu gefin út. Fræðsla um vettvangsvinnu tilbúin og innleidd.
Látum draumana rætast	Auka fjölbreytni í frístundastarfi Virkni og þátttaka	Fjölbreytt dagsskrá í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar.	Forstm Deilds	Haut 2020- 2021	Forstöðumenn meta og skrá í áfangaskýrslum félagsmiðstöðva.	Dagskrá félagsmiðstöðva taki mið af þörfum ólíkra hópna. Markviss valdefling barna og unglunga í grípa þau tækifæri sem bjóðast til að efla sig í áhugamálum

		Lýðræðisleg vinnubrögð og fjölbreytileiki				sínum og styrkleikum.
--	--	---	--	--	--	-----------------------

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Starfsárið verður ekki hefðbundið þar sem að faraldur kórónuveiru hefur haft mikil áhrif á starfið og hefur þar af leiðandi ekki verið hægt að fylgja alveg áætlunum sem settar höfðu verið. Þrátt fyrir það er stefnt að því að halda innleiðingu menntastefnunnar og frístundastefnunnar áfram. Innleiðing á þessum stefnum fer að stærstum hluta fram í gegnum verkefnið Vaxandi sem varð til í samráði við starfsmenn, foreldra og börn. **Vaxandi** er verkefni sem gengur út á að valdefla börn og unglunga með innleiðingu á hæfnipáttum nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar, auka fagmennsku í frístundastarfi, minnka streitu hjá börnum, unglungum og starfsmönnum og auka samstarf milli fagaðila. Það gerum við með því að fá markvissa innlagn og aðstoða við að innleiða þætti menntastefnunnar með því að fá fræðslu og ráðgjöf frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Með því að mennta og fræða alla starfsmenn og gefa þeim kost á að búa sjálf til verkfæri til að valdefla og styrkja börnin út frá gagnreyndum aðferðum sjáum við fyrir okkur að færa frístundastarfið yfir á næsta plan og auka þannig virðingu og þekkingu á óformlegri menntun í samfélaginu.

Fjölmörg framsækin þróunarverkefni eru fyrirhuguð á árinu og þau birtast í töflunum hér að ofan en hver og einn starfsstaður heldur utan um A-hluta verkefni þróunarsjóðs menntastefnunnar og einnig verða nokkuð B- hluta verkefni unnin í samstarfi við aðra á árinu.

Í mannauðsmálum er lögð áhersla á að upplýsa starfsmenn og fræða um markmið starfsins og láta þau ávallt vera vakandi og spyrja sig af hverju við erum til staðar fyrir börn og unglunga, hvernig vinnum við og hvað gerum við. Við viljum bjóða upp á hvetjandi og heilsueflandi umhverfi fyrir starfsmenn.

Samstarf

Í öllu starfi Tjarnarinnar er lögð áhersla á samstarf. Allar starfseiningar vinna í nánú samstarfi við grunnskólana í sínu hverfi. Mikil hefð er fyrir teymisvinnu milli forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva og mörg samstarfsverkefni milli starfstöðva eru ár hvert. Mikil áhersla hefur verið síðustu á að auka samstarf og upplýsingastreymi til foreldra barna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og verður áfram haldið með þá vinnu.

Samstarf við þjónustumiðstöð er afar gott og er komið í reglubundið form.

Varðandi samstarfsáherslur á starfsárinu má skoða nánar í töflum um áherslur og markmið.

Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir **Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**.

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar.

Forstöðumenn á starfsstöðunum bera ábyrgð á að mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmönnum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun 2018-2019

LAUNAJAFNRÉTTI

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf	Stefnt skal að því að vera með jöfn kynjahlutföll í störfum frístundaleiðbeinenda með umsjón. Öllum starfsmönnum standi í boði að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Stjórnendur	Allt árið

AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------

Laus störf standi bæði konum og körlum til boða.	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll séu til hliðsjónar, sér í lagi er varðar 100% stöður	Stjórnendur	Allt árið
Að stuðla að kynjajafnrétti og virkri þátttöku kynjanna í starfinu okkar og reyna að láta starfsmannahópin okkar endurspegla fjölbreytileikann í barnahópnum.	Að reyna hvað við getum að hafa jöfn kynjahlutföll í starfsmannahópnum okkar Að vera ekki með kynjað starf og skipta ekki í stelpu- og stráka nema hafa fyrir því góð rök fyrir því hvers vegna það hentar betur	Stjórnendur	Allt árið
Þau sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Þjórða öllum að fá sömu fræðslu. Passa að öllum standi sömu tækifæri til boða á að sækja námskeið eða vera með innlegg á t.d. starfsdögum og ráðstefnum.	Allir stjórnendur	Allt árið

JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS

Tjörnin leggur leggur áherslu á það að starfsmönnum gangi vel að samræma vinnu og einkalíf eins vel og kostur er. Helgar- og yfirvinnu er stillt í hóf og starfsmönnum í fullu starfi veittur sveigjanleiki innan skynsamlegra marka til að sinna einka- og fjölskyldulífi sínu. Starfsmenn er hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og foreldrum er gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki í fullu starfi býðst að vinna sveigjanlegan vinnutími í samráði við sinn næsta yfirmann. Starfsfólki í hlutastarfi er mætt eins vel og kostur er með breytingum á vöktum og beiðnum um launalaus leyfi	Sveigjanleiki á hverjum starfsstað með vinnutíma innan viss ramma.	Stjórnendur	Allt árið
Tryggja að jafnréttisáætlun Tjarninnar sé sýnileg og kynnt öllu starfsfólki	Jafnréttisáætlun sé á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar og framkvæmdaáætlun sé kynnt á starfsmannafundi að hausti.	Skrifstofustjóri og stjórnendur	Allt árið

EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Áreitni, eins og kynferðisleg áreitni eða einelti er ekki í Tjörninni. Tafarlaust skal gripið skal til viðeigandi aðgerða ef grunur um annað hvort kemur upp. Allt starfsfólk og þjónustuþegar bera sameiginlega ábyrgð á því að hvers kyns áreitni eigi sér ekki stað.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að börn, unglingar og starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir kyndundinni og kynferðislegri áreitni í starfi og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun. Upplýsa skal um slík brot í starfi og upplýsingum komið til réttara aðila. Stjórnendur bregðast við í samræmi við lög og samþykktu verkferla.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

ÞJÓNUSTUHLUTVERK

Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi óháð kyni. Allt starfsfólk Tjarninnar ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi allra að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði til sem flestra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla í jafnréttismálum. Áfram verði unnið með þetta í útfærslu á innra starfi og á starfsmannafundum.	Stjórnendur	Vor og haust
Börn og unglingar fá fræðslu um jafnréttismál	Starfsmenn vekja upp umræðu hjá börnum og unglingum um jafnréttismál og eru vakandi fyrir neikvæðri orðræðu og staðalmyndum.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Dót og búnaður séu laus við staðalmyndir	Dót og búnaður sem notuð eru í starfi eru laus við staðalmyndir og stuðla að jafnrétti fólks. Ef dót eða búnaður ber með sér neikvæða ímynd skal vekja upp umræðu um það með börnum.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Allt árið
Að búa börn og unglinga undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum og unglingum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur af og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði til allra.	Greiningar á klúbbastarfi, á innihaldi og	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Allt árið.

	markmiði klúbbanna með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á einhvern.		
Að foreldrar taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna og unglinga í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.